


SHALDOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Margir í áskrift
Lágmyndir Almars
Alfredssonar af Jóni
forseta hafa slegið í gegn.
fólk 34



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

1. október 2012
230. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeimfréttaskýrslum Capacent Gallup í maí - maí 2012

Skattarnir skila sér betur

96,4% skatta fyrir árið 2011 höfðu skilað sér í ríkiskassann í júlí. Sýnir að skattahækkun þýðir ekki verri skil, segir þingmaður Samfylkingar. Búið að vinsa skussana úr, segir þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

EFNAHAGSMÁL Innheimta skatta hefur ekki verið betri í áratug en árið 2011, en 1. júlí höfðu 96,4% skatta verið innheimt. Þar er átt við staðgreiðslu, tryggingargjald, virðisaukaskatt og þinggjöld einstaklinga og fyrirtækja. Skattstofninn hefur hækkað undanfarin ár og er nú nánast sá sami og hann var árið 2005, eða tæpur 481 milljarður. Það er hækkan um tæpa 14 milljarða frá árinu á undan. Hvert prósentustig í innheimtu gefur 4,8 milljarða og betri skattskil, auk stærri skattstofns, og hafa því skilað um 23 milljörum krónum meira í ríkiskassann en árið á undan.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, segir að þetta sýni að skattstofninn sé sterkur og skilin góð, en til lítills sé að leggja á skatta ef þeir innheimtist ekki. „Hvert prósent í innheimtu-árangri getur skipt gríðarlegum fjárhæðum til að loka fjárlagagatinu og góður innheimtuárangur dregur þannig úr þörfinni fyrir frekari niðurskurði í velferðarkerfinu eða aukna skatta.“ Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir þetta vera jákvæðar fréttir. Athyglisvert sé að fyrirtæki virðist standa betur í skilum. „Það má kannski segja

23 milljörðum meira kom í ríkiskassann vegna stærri skattstofns og betri heimtna.

að hrúnið hafi vinsað skussana út. Svo má kannski segja að menn séu passasamari varðandi skuldir og hafi þá lært eitthvað af hrúninu. Það er jákvætt.“ Pétur segir eina skýringu geta verið þá að innheimtuáðilar séu duglegri, en miklar breytingar hafi verið gerðar á skattstjóraembættum.

Helgi segir þessi aukna skattskil sýna að svartskýnisráddir varðandi hækkan skatta hafi verið óþarfar. „Þetta sýnir að hrakspár um að hækkanir á sköttum mundu annaðhvort leiða til þess að skattstofnar hryndu, eða að tekjur innheimtust ekki, virðast ekki eiga við rök að styðjast.“ Skúli Olsen tollstjóri segir að menn geti deilt um hvort tekjur ríkisins ættu að vera hærri eða lægri. „Markmið stjórnvalda að undanfögnu með skattahækkunum voru þau að inn auknum tekjum í ríkissjóð. Þessi tafla segir okkur að það er að takast.“ - kóp / sjá síðu 4



Lestrargleðin í öndvegi
Fyrsta Lestrarhátíð
Bókmenntaborgarinnar
Reykjavíkur hefst í dag.
tímamót 18

Gjörningaboka
Guðmundur Andri Thorsson
skrifar um íslenska stjórn-
sýslu og allsnægtaborð
feitra fjárheimilda.
skoðun 13



FH fékk bikarinn
FH kláraði Íslandsmótið
með stæl og Breiðablik
tryggði sér Evrópusæti.
sport 30




veðrið í dag
BJART með köflum sunnan til en rigning eða slydda norðan- og austanlands. Strekkingsvindur allra vestast en annars hægari. Híti á bilinu 1 til 11 stig.
VEÐUR 4



NÝTT LÍF „Þetta var eins og í lygasögu,“ segir Sigríður Sigmarsdóttir, framkvæmdastýra Lífs styrktarfélag, sem hélt dótabasar með notuðum leikföngum til styrktar Kvinnadeild Landspítalans í gær. „Við byrjuðum í 400 fermetra húsnæði sem Reitir lánuðu, en enduðum á tíu fermetra plássi. Það seldist bara allt upp.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar byrjar vel í UFC: Á sér engan óskamótherja

BARDAGAÍPRÓTTIR Gunnar Nelson afgreiddi sinn fyrsta andstæðing í UFC-bardaga með miklum yfirburðum í Nottingham í Englandi um helgina. Gunnar vann DaMarques Johnson á hengingarbragði strax í fyrstu lotu. „Hann var nokkuð öflugur og hreyfði sig vel. En ég náði yfirburðastöðu snemma og kláraði bardagann,“ segir Gunnar í samtali við Fréttablaðið. Hann á von á því að berjast á ný í lok þessa árs eða upphafi þess næsta og telur jafnvel líklegt að hans næsti bardagi verði í Bandaríkjunum. „Ég á mér svo sem engan óskamótherja,“ segir hann. „Bara einhvern skemmtilegan.“ - esá / sjá síðu 25



Almenningur fylgjandi aðskilnaði fjárfestingarbanka og viðskiptabanka: Mikill stuðningur við aðskilnað

KÖNNUN Mikill meirihluti landsmanna er fylgjandi aðskilnaði viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Þetta leiðir ný skoðanakönnun Capacent Gallup í ljós sem unnin var fyrir Straum fjárfestingabanka. Skoðanakönnunin var gerð dagana 20. til 27. september en Capacent hafði samband við 1.375 Íslendinga á kosningaaldri. Svarhlutfall var 60,1%. Einungis 4,2% þeirra einstaklinga sem svöruðu í könnuninni voru andvíg aðskilnaði. Alls 2,0% voru alfarið andvíg, 0,4% voru mjög andvíg og 1,8% frekar andvíg. Þá svöruðu 15,6% svarenda hvorki né. Ríflega fjórir af hverjum fimm svarenda, eða

80,2%, voru hins vegar fylgjandi aðskilnaði. Alls 37,6% voru alfarið hlynnt aðskilnaði, 21,6% voru mjög hlynnt og 21,0% frekar hlynnt. Karlar hafa aðeins meiri efasemdir um aðskilnað en konur og þá eru efasemdir einnig meiri í hópi þeirra sem yngri eru. Fjórten þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum lögðu fram þingsályktunartillögu um aðskilnað viðskiptabanka og fjárfestingarbanka á síðasta þingi. Þá er breytingin einnig liður í efnahagstillögum sem Sjálfstæðisflokkurinn kynnti á sama þingi. - mþl



BÓKA LAGERSALA
RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39
Opíð alla daga kl. 10-19
FORLAGIÐ www.forlagid.is
Allt að 90% afsláttur
Yfir 2500 titlar

Tilboð mánaðarins í október
Dýrabækur með 30% afslátti
dýrin
Verð nú: 973 kr
Verð áður: 1399 kr
Stóra dýrabókin mín
Verð nú: 1679 kr
Verð áður: 2399 kr
Tilboðið gildir á sölustöðum bókanna
Unga ástin mín
Sjá nánar á www.ungastinmin.is

BLEIKA SLAUFAN FYLGIR BLEIKUM SIMIUM HJÁ NOVA



Bleika slaufan er til styrktar
Krabbameinsfélagi Íslands.



500 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði
fylgir!

Samsung Galaxy Y

24.990 kr. stgr.

2.290 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mán. í 6 mán.
og Bleika slaufan fylgir.



500 kr.
notkun á mán.
í 6 mánuði
fylgir!

Nokia Lumia 610

46.990 kr. stgr.

2.890 kr. á mán. í 18 mán.

500 kr. notkun á mán. í 6 mán.
og Bleika slaufan fylgir.



500 kr.
notkun á mán.
í 12 mánuði
fylgir!

Samsung SII

79.990 kr. stgr.

4.990 kr. á mán. í 18 mán.

500 kr. notkun á mán. í 12 mán.
og Bleika slaufan fylgir.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA




TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Sjaldan er góður bíll of oft smurður

Í október er sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.



Engin vandamál - bara lausnir.

20% afsláttur

Sértíloð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva og frostlegi hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.*

15% afsláttur

af vinnu við smurningu. Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kaupúni

Toyota Akureyri

Toyota Selfossi

Toyota Reykjanesbæ

Bífariðaverkstæði Reykjavíkur

Bífariðaverkstæði Reykjavíkur

Bífariðaverkstæðið Ásinn

Bílatangi

Bífariðaverkstæði KS

Bílaleiga Húsavíkur

Bílaverkstæði Austurlands

Bílageirinn

Kaupúni 6

Baldursnesi 1

Fossnesi 14

Njarðarbraut 17

Bæjarflöt 13

Skemmuvegi 16

Kalmansvöllum 3

Suðurgötu 9

Hesteyri 2

Garðarsbraut 66

Miðási 2

Grófinni 14a

210 Garðabæ

603 Akureyri

800 Selfossi

260 Reykjanesbæ

112 Reykjavík

200 Kópavogi

300 Akranesi

400 Ísafirði

550 Sauðárkróki

640 Húsavík

700 Egilsstöðum

230 Reykjanesbæ

570 5070

460 4300

480 8000

420 6610

440 8000

440 8000

431 5050

456 4580

455 4570

464 1888

470 5070

421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fjótlegt.

Sjá einnig
önnur frábær
verðdæmi á
plusferdir.is!

SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

TENERIFE

1 vika

Hotel Laguna Park 2 

VERÐ FRÁ:
64.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíóbúð.
Brottför 13. okt - 1 vika

1 vika

Hesperia Troya 

VERÐ FRÁ:
89.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með hálfu fæði.
Brottför 13. okt - 1 vika

21 nótt

Tropical Playa 

VERÐ FRÁ:
147.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíóbúð.
Brottför 27. okt - 21 nótt

KANARÍ

19 nætur

Las Arenas 

VERÐ FRÁ:
127.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíóbúð.
Brottför 27. okt - 19 nætur

**Spretturinn hefst
á mánudaginn kl.12:00!**

Vertu í viðbragðsstöðu. Við ræsum af stað sjóðheitan sólarsprett á frábæru verði!
Tilboðið gildir til **Tenerife** og **Kanarí** á völdum dagsetningum í október!

Sólarspretturinn hefst á **mánudaginn 1.október kl.12:00** og **lýkur þriðjudaginn 2.október kl. 12:00**. Þú hefur aðeins 24 klukkustundir til að bóka ferðina þína á þessu einstaka tilboði – fyrstir koma fyrstir fá!

plús
FERÐIR

www.plusferdir.is



PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um

205
LÍTRAR



EH-5401GG Eldavél
50 cm breið eldavél. Tilvalin í sumar-
bústaðinn eða stúdíóbúðina.
✓ HxBxD: 85 x 50 x 60 cm

EITT VERÐ KR.
59.900
Pr stk.

GT-251 Frystikista
Sparneytin 205 lítra frystikista í
A+ orkuflökki
✓ HxBxD: 82 x 95 x 56 cm



AAA
EINKUNN



GSP-913EAL Uppþvottavél
Hljóðlát uppþvottavél með 6
þvottakerfum og hitastig 40-65°C
✓ 3xA einkunn
✓ Hraðkerfi
✓ AquaStop vatnsvörn
✓ HxB: 85x59,5 cm

RAKA-
SKYNJARI

TAE-67 Þurrkari
Þurrkari 6 kg fyrir barka
með rakaskynjara
✓ 11 þurrkerfi
✓ Krumpuvörn
✓ Hljóðmerki í lok þurrks
✓ Skjár sem sýnir tíma



143
CM HÁR

KGC-240/70 Kæli- og frystiskápur
Kælikápur með þriggja skúffu frysti
✓ 122 lítra kæli og 68 lítra frystir
✓ Sjálfvirk affrysting í kæli
✓ HxBxD 143 x 55 x 58 cm

WA-1110 Þvottavél
Einföld og góð þvottavél með öllum
helstu þvottakerfum
✓ Stillanlegur vinduhræði
✓ Tekur allt að 5 kg af taui
✓ A+/A einkunn fyrir orkunýtni &
þvottagæði



AAA
EINKUNN

1600 SNÚNINGA

HRAÐ-
VAL

GÁMASALA KR.
114.900
SPARAÐU 25.000

AEG

L-60660FL Þvottavél
1600 snúninga með OptiSense þvottatækni
✓ LCD tímaskjár - sýnir lengd kerfis
✓ Sérkerfi fyrir blettþvott
✓ 30 cm hurðarop með 170° opnun
✓ Hraðval 30-55% tímarsparnaður á algengum
kerfum
✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og
handþvottakerfi og 20 mínútna hraðkerfi
✓ Seinkun á gangsetningu 3/6/9 klst.
✓ Öfnæmisskolun möguleg
✓ A++/A/A topp einkunn fyrir orkunýtni & þvotta-
gæði og beytivindu
✓ Fullt verð kr 139.900.-

AAA
EINKUNN

HLJÓDLÁT
47
dB

MAGNAÐ VERÐ!

GÁMASALA KR.
99.900
SPARAÐU 40.000

AEG

F-45010MO uppþvottavél stál
Hljóðlát og vel búin uppþvottavél með
sjálfvirku aðalkerfi sem stýrir tíma,
vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa
✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. þvottakerfi, sjálf-
virkt kerfi 45-70°C og 30 mín. 60°C
hraðkerfi ásamt skolun
✓ Sveigjanleg innrétting sem hentar öllu
uppvaski með niðurfellanlegum diska-
stoðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
✓ A/A/A topp einkunn fyrir orkunýtni, þvotta-
gæði og þurrkun. Ath. án toppplötu.
✓ Verð áður kr 139.900



AEG
Electrolux
TRISTAR

ALLAR RYKSUGUR

25%
AFSLATTUR

Electrolux

ERES-38820X Kælikápur stál
Vatn eða sódavatn? Svalaðu
þorstanum með einu glasi eða
heilli könnu af fersku vatni með
eða án kolsýru, úr þessum
glæsilega kælikápur frá Electrolux,
sá eini sinnar tegundar á
markaðinum. Stöðluð stærð
180x60 cm svo hann smellpassar
í eldhúsið þitt. Glæsileg innrétting.
Sjón er sögu ríkari.
✓ LED lýsing
✓ Stafræn hitastýring og skjár
✓ Kæliviða sem tryggir jafnt
kuldaflæði í öllum skápnunum
✓ Fingrafarafrítt stál
✓ Tvöfaldaðu ánægjuna og fáðu
frysti í sömu stærð og í stíl
✓ Fingrafarafrítt stál
✓ Áfyllanlegt kolsýruhlaki fyrir
60 lítra fylgir
✓ Verð áður kr. 299.900



180
CM HÁR

TOPPMÓDEL!

GÁMASALA KR.
199.900
SPARAÐU 100.000

Sódavatn

Vatn



EKTA HEITUR
BLÁSTUR

XXL
OFN

74L

KYNNINGARVERÐ KR.
119.900
SPARAÐU 30.000

NÝTT!

AEG

HK-634200XB Spansuðuhelluborð
Glæsilegt spansuðuhelluborð með stálkanti,
stop&go, booster hellum og klukku. XXL hella.
✓ Booster háhraðaspanhellur á öllum hellum
✓ Snertitakkar og LED skjár með barnalæsingunni
✓ Ein XXL hella
✓ Verð áður kr 179.900

AEG

BE-3002421M Ofn
Flottur nýr gæðaofn frá AEG með XXL 74 lítra
blástursofni, 9 eldunarkerfum þ.á.m. pizzakerfi
✓ Kjöthitamælir, fylgstu með kjarnhitunum á
klukkunni. Lætur vita þegar honum er náð
✓ Tölvuklukkan
✓ Innfældir stjórnrofar
✓ Fingrafarafrítt stál
✓ Fullt verð kr 149.900



SPANSUÐA

KYNNINGARVERÐ KR.
119.900
SPARAÐU 60.000

Rafha ehf

Opíð
virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

ÓDÝRASTI TÚNFISKURINN Í BÓNUS

168 kr.
185 g



B  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

Nýta þarf fjárveitingar til háskólanna betur.

Keppt á grundvelli gæða

Fjármögnun háskólanáms og rannsókna við háskóla á Íslandi er að mörgu leyti í uppnámi. Aldrei hefur verið meiri aðsókn að háskólanámi. Mikill metnaður er í vísindarannsóknum háskólanna, íslenskir vísindamenn sækja í sig veðrið á alþjóðlegum vettvangi og rannsóknaniðurstöðurnar nýtast bæði til að bæta almannaþjónustu og skapa ný tækifæri í viðskiptalífnum.

Fé til að fjármagna bæði nám og rannsóknir skortir hins vegar verulega. Háskólarnir taka í raun inn fleiri nemendur en þeir fá fjárveitingu fyrir. Aðeins brot af þeim vísindarannsóknum, sem verðskulda peninga úr opinberum sjóðum, fær styrki.

Við þessu er út af fyrir sig ekki mikið að gera við núverandi aðstæður í ríkisfjármálunum; peningarnir eru ekki til. En þeim mun meira máli skiptir að þeir takmörkuðu fjármunir sem eru til eru séu nýttir sem best.

Vandinn er sá að það er alls ekki gert. Sögulegir og pólitískir hagsmunir einstakra stofnana, atvinnugreina og landshluta ráða of miklu um ráðstöfun þess fjár sem rennur til kennslu og rannsókna, í stað þess að hagkvæmni og gæði séu höfð að leiðarljósi. Peningarnir eiga að fara þangað sem mest flæst fyrir þá.

Vísindamenn hafa bent á að alltof lágt hlutfall opinbers rannsóknafjár sé úthlutað í gegnum samkeppnissjóði, þar sem alþjóðlegur hópur vísindamanna leggur mat á gæði umsókna. Það er sjálfsgöð krafa að færa peninga frá einstökum stofnunum og verkefnum og til samkeppnissjóðanna, því að þannig nýtast þeir best og samkeppnin ýtir undir gæði í rannsóknum.

Sama á við um framlög til kennslu. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, gagnrýndi í viðtali í Fréttablaðinu á föstudag að framlög til skólans hefðu sætt mun meiri niðurskurði en framlag ríkisins til skóla sem það rekur sjálft, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Hann bendir á að árið 2010 hafi HR útskrifað átján prósent af háskólanemum á Íslandi, en aðeins fengið fjórtán prósent af framlögum ríkisins til kennslu. Þá hafi fræðimenn við skólann birt fjórtán prósent af fræðigreinum hér á landi, en fengið níu prósent af framlögum til rannsókna.

Eins og Ari rökstyður í viðtalinu á rekstrarformið ekki að skipta máli þegar ríkið úthlutar peningum til háskóla. Háskólarnir eiga að keppa um peningana á grundvelli hagkvæms rekstrar, gæða og þess hvernig þeim gengur að uppfylla þarfir atvinnulífsins fyrir hæft starfsfólk. Ari bendir réttilega á að stór hluti tæknimenntunar, sem sívaxandi eftirspurn er eftir í íslenskum þekkingariðnaði, fer fram í HR og að menntamálaráðuneytið skuldi skýringar á því hvers vegna gengið sé með þessum hætti gegn þörfum atvinnulífsins og samfélagsins.

Rektor HR setur fram góða tillögu um að allir háskólar landsins verði sjálfseignarstofnanir, sem keppi á jafnréttisgrundvelli um fjárframlög ríkisins. Þá er líka líklegt, eins og hann bendir á, að sumir þeirra sæju sér hag í að sameina kraftana.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

MAGNÞRUNGIN ÖRLAGASAGA 1904

NÝ KILJA

Henning Mankell
 MINNING UM ÖBRENNAN ENGI.

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

FRÁ DEGI TIL DAGS

Atli aftur í framboð?

Atli Gíslason sagði sig úr þingflokki Vinstri-grænna í mars á síðasta ári. Stuttu seinna lýsti Atli því yfir að hann hygðist hætta á Alþingi og það jafnvel áður en yfirstandandi kjörtímabili lyki. Fréttablaðið birti á laugardag umfjöllun um framboðsáform þingmanna. Leitaði blaðamaður til Atla og fékk það athyglisverða svar að tíminn myndi leiða í ljós hvort hann gæfi aftur kost á sér til þingstarfa. Atli virðist því vera að halda áfram í pólitík eftir allt saman.



Elín á hið pólitíska svið

Elín Hirst hefur gefið kost á sér á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Hún fjallar um skoðanir sínar í grein sem birtist í nýjasta eintaki Þjóðmála. Í greininni fer Elín yfir víðan völl og má meðal annars finna eftirfarandi texta: „Íslendingar eru fámenn þjóð sem hefur á undra skömmum tíma risið upp úr því að vera fátækasta ríki Evrópu, í það að verða ein auðugasta þjóð veraldar, einmitt vegna þess að hún fékk loks að ráða sjálf sínum málum.“



Vafasöm söguskoðun?

Rimar þessi söguskoðun ágætlega við söguskoðun sem sett var fram í skýrslunni Ímynd Íslands sem kom út á vegum forsætisráðuneytisins árið 2008. Þegar sú skýrsla kom út sendi Sagnfræðingafélagið hins vegar bréf til ráðuneytisins þar sem sagði meðal annars: „Sagnfræðingafélagi Íslands finnst rétt að benda á að þessar fáu setningar fela m.a. í sér söguskoðun sem er á skjön við sagnfræðirannsóknir síðustu 30-35 ára. Hún sver sig fremur í ætt við þá söguskoðun sem mótuð var í sjálfstæðisbaráttunni í pólitískum tilgangi.“ Elín, sem er sagnfræðimenntuð, er væntanlega ósammála þessu eða hvað? magnus@frettabladid.is

HALLDÓR



Sáttmáli um nýjan spítala

Nýr Landspítali



Ingimar Einarsson
 félags- og stjórnmálafráeðingur

Enn og aftur er deilt um hvort byggja eigi nýjan Landspítala eða ekki. Reyndar er ekki aðeins um nýbyggingu að ræða heldur verulegar viðbætur og breytingar á þeim húsakosti sem fyrir er á Landspítalalóð við Hringbraut. Annar valkostur sem verið hefur í umræðunni snýr að því að finna nýjum Landspítala stað á nýjum grunni miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Verði ekki ráðist fljótlega í framkvæmdir á Hringbrautarlóðinni telja forsvarsmenn verkefnisins að það leiði til verulegrar útgjaldaaukningar og draga muni úr öryggi og gæðum þjónustunnar. Fullyrt er með vísan í útreikninga erlendra sérfræðinga að það kosti einfaldlega meira „að gera ekkert“ heldur en að hefjast handa hið fyrsta. Það vekur hins vegar nokkra undrun að í vinnu verkefnisstjórnarinnar er stuðst við þarfagreiningu frá árunum 2004-2005 og tekið mið af rekstrartölum ársins 2010 í öllum kostnaðarútreikningum.

Andstæðingar og efasemdarmenn um nýjan spítala hafa einkum sett spurningamerki við áætlanir um kostnað við byggingu og rekstur hins nýja sjúkrahúss. Þar séu margir kostnaðarlið-

ir vanmetnir og ýmislegt í áætlunum stjórnar verkefnisins orki tvímælis. Við ríkjandi efnahagsaðstæður hafi þjóðin ekki bolmagn til þess að standa undir slíku risaverkefni. Enginn gagnrýnendanna er þó þeirrar skoðunar að draga skuli úr aðgengi eða setja starfsemi heilbrigðisþjónustunnar einhverjar takmarkanir.

Athygli vekur að í umræðunni um hinn nýja spítala hafa heildræn viðhorf meira og minna setið á hakanum. Jafnvel þótt flestir virðist gera sér grein fyrir að nauðsynlegt sé að skapa betra jafnvægi milli heilsugæslu, sérgreinalækninga og sjúkráhusþjónustu, hefur ekki verið unnið nægjanlega skipulega að því að efla lýðheilsu, draga úr ójöfnuði og tryggja sjálfbært notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að ráðast í margvísleg verkefni, þ.m.t. nýja þarfagreiningu og úttekt á helstu kostnaðarþáttum heilbrigðisþjónustunnar. Afrakstur þeirrar vinnu gæti orðið sáttmáli um uppbyggingu nýs Landspítala og um leið samstaða um aðgerðir til að tryggja stöðu annarra meginþátta heilbrigðiskerfisins.

Talgervillinn, íslenskan og við

Máltækni

Kristinn Halldór Einarsson

formaður Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi



talvinnslunnar hefur þó batnað lítillega á síðustu vikum með tilkomu nýja íslenska Google-talgreinisins og talgervils Blindrafélagsins.

Vitundarvakningar er þörf

Stjórnvöld, viðskiptalífið og almenningur þurfa að vakna til vitundar um þessa stöðu. Íslenskan er okkar dýrætasta sameign og við berum öll ábyrgð þegar kemur að því að verja móðurmálið okkar. Þeir tímar eru að renna upp að við notum tölvur til þess að

„Í ljós kom að lítill sem enginn stuðningur er við vélþýðingar í íslensku. Einnig að lítið væri til af orða- og hljóðsöfnum, leiðréttingaforritum og talvinnslu.

stjórna öllum tækjum, tölvur eru í öllu, farsímum, heimilistækjum, bílum og svo framvegis. Mikið af tölvubúnaði er í dag stjórnað með töluðu máli og sú þróun mun aukast hratt í nánustu framtíð. Ef við getum ekki talað íslensku við tölvubúnað sem við notum á hverjum degi, hvaða tungumál munum við þá nota og hvaða áhrif mun það hafa á stöðu íslenskunnar á næstu 10-20 árum?

Vegna þess hversu fáir tala íslensku munu máltækniþækni ekki verða framleidd fyrir íslensku nema til komi frumkvæði aðila sem láta sig málið varða og taka á því fjárhagslega ábyrgð. Í tilvikum tungumála sem fáir tala verða

máltækniþækni og lausnir aldrei samkeppnisvara á markaði. Vegna ríkra hagsmuna félagsmanna þá ákvað Blindrafélagið að taka frumkvæði og fjármagnaði smíði á nýjum íslenskum talgervli. Kostnaðurinn var 85 milljónir íslenskra króna. Margir aðilar komu að verkefninu með félaginu, aðilar sem lögðu til faglega þekkingu og mikilvæg gögn, svo sem eins og Máltækniþækni, og aðilar sem lögðu til fjármagn, eins og Lions-hreyfingin á Íslandi og hið opinbera, svo dæmi séu tekin. Frekari upplýsingar um verkefnið: <http://www.blind.is/verkefni/talgervlaverkefni/>

Mikilvægi sjálfbærni og áframhaldandi þróunar

Til að stuðla að því að nýi íslenski talgervillinn verði þróaður áfram, bæði hvað varðar framburð, hlustunargæði og að hann geti í framtíðinni unnið á þeim tölvubúnaði og stýrikerfum sem eru í notkun á hverjum tíma, þá þarf að tryggja sjálfbærni talgervilsverkefnisins. Það verður einungis gert með því að greitt verði fyrir notkun á verkfærum talgervilsins, eins og veflesarans, hraðbankaradda, símsvörunarradda og annarra verkfæra sem tilheyra talgervlinum. Hið opinbera og stofnanir þess, netmiðlar, fyrirtæki og félagsamtök munu ráða úrslitum um það hvort nýi íslenski talgervillinn muni geta þjónað íslenskunni sem mikilvægt máltækniþækni á næstu árum, eða hvort þessi nýi talgervill muni daga uppi sem úrelt máltækniþækni, eins og gerðist með forvera hans. Tómlæti í þessum efnum er ekki valkostur ef íslenskan á að lifa af í því tæknivædda upplýsingasamfélagi sem hefur hafið innreið sína.

Evran hefur fallið á prófinu

Evrópumál

Björn Bjarnason
fyrirverandi ráðherra



Evran hefur fallið á prófinu. Á dögunum svaraði ég rangfærslu Óssurar Skarphéðins-sonar. Ég hef hvergi stutt upp-töku evru. Í greininni sagði ég að evran hefði fallið á prófinu síðan 2007.

Próstur Ólafsson segir í Fréttablaðinu 29. september að þetta sé „alrangt“. Evran hafi staðist prófið. Evran haldi gildi sínu og vísar hann þar til stöðu hennar gagnvart dollara.

Undanfarin misseri hefur verið efnt til á þriðja tug leiðtogafunda evru-ríkjana til að ræða ágalla á evru-samstarfinu. Fjármálaráðherrafundirnir eru mörgum sinnum fleiri. Sumir dagskrárliðir þessara funda eru um óleystan vanda í einstökum ríkjum. Aðrir snúast um evruna sjálfa af því að myntsamstarfið hefur ekki staðist prófið.

Almenn samstaða er um að illa hafi verið staðið að málum við gerð Maastricht-sáttmálans 1993. Hina pólitísku umgjörð hafi í raun skort um evruna. Nú skal bætt úr því með ríkisfjármálasamningi og öðrum aðgerðum sem ganga enn frekar á fullveldi einstakra ríkja og þrengja að fjárlagavaldi þjóðþinga evru-ríkjana.

Menn gripu ekki til örþrifa-ráðanna sem eru efst á baugi í evru-löndunum, skuldugum og hinum betur settu, nema vegna þess að evran hefur ekki staðist prófraunina hvað sem gengi hennar líður. Þetta gengi er einfaldlega að leggja atvinnulíf sumra evru-ríkja í rúst eftir að bankakerfi hafa hrunið.

Próstur segir að nú vilji mest skuldsettu evru-ríkin ekki hverfa frá evrunni. Hver bitur í höndina sem fæðir hann? Meginspurningin nú er hvenær spænska ríkisstjórnin fer með betlistaf að nýju

„Menn gripu ekki til örþrifa-ráðanna sem eru efst á baugi í evru-löndunum, skuldugum og hinum betur settu, nema vegna þess að evran hefur ekki staðist prófraunina hvað sem gengi hennar líður.

til Brussel. Stolt Spánverja hefur haldið aftur af þeim.

Lítill samúð með þjóðum í stórvanda felst í að segja evruna hafa staðist áraunina. Ég vísa til föð-urhúsanna að ég greini ekki rétt frá staðreyndum þegar ég segi evruna hafa fallið á prófinu.

HAFÐU PÓSTINN Í HENDI ÞÉR!

Póstappið er stysta leiðin að margvíslegri þjónustu Póstsins. Þú getur fundið pósthús og póstkassa, keypt SMS frímerki og fylgst með sendingum. Ef þú þarft frekari þjónustu gefur Póstappið þér beint samband við þjónustuver.

VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA

www.postur.is

Fyrir Android og iPhone

Opið bréf til alþingismanna

Samfélagsmál

Grétar Pétur Geirsson

fulltrúi í kjarahópi ÖBÍ



Pétur Blöndal sviður undan því hvað öryrkjar hafi það „gott“

Það er ekkert nýtt að Pétri Blöndal sviði það hvað öryrkjar og ellilífeyrisþegar hafi það „gott“. Hann talar jafnan um það að þeir sem eru á atvinnuleysisbótum séu æstir í að komast á örorkubætur (eins og það sé ekkert mál). Það mætti halda að það að komast af atvinnuleysisbótum og yfir á örorkubætur sé svipað og að vera á örorkubótum og komast inn á þing. Hvaða rugl er þetta, fólk lifir ekki á atvinnuleysisbótum né örorkubótum, það þarf



Ég hef miklu meiri áhyggjur af unga fólkinu með börnin sem greiðir alþingismönnum með innan við 10% traust há laun.

ekki að segja nokkrum manni. Þetta eiga alþingismenn að vita og ekki síst Pétur Blöndal sem situr í flestum nefndum sem koma að þessum málaflökki fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Það

er mín von að menn láti af svona málaflutningi. Á þessu græðir enginn, síst sá sem þarf að reiða sig á bætur eingöngu. Hér er einfaldlega verið að draga úr tekju- tengingum eins bótaflokks sem

er með 100% skerðingaráhrif og þar með draga úr því óréttlæti sem því fylgir. Hættum að tala um öryrkja og ellilífeyrisþega sem byrði á þjóðfélaginu. Við erum ósköp venjulegt fólk. Við eigum okkar stolt og rétt til að lifa mannsæmandi lífi. Ég skora á alþingismenn að beita sér fyrir því að skera af fituna í rekstri ríkisins, af nógu er að taka. Hana er hvorki að finna hjá atvinnulausum, öryrkjum eða eldri borgurum. En hana væri hægt að nota til að bæta kjör þeirra sem hvorki eiga í sig né á.

Sá hópur sem fenginn var til að endurskoða almannatryggingakerfið, að Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) undanskildu, sem dró sig í hlé, hefur skilað af sér tillögu um einföldun á greiðsluformi bóta til ellilífeyrisþega. Kostnaðurinn er sagður um 2,6 (1,8 – óvíst um þegar áformaða útgjaldaauka til málaflökksins) milljarðar á næsta ári. Samkvæmt tillögunni á að sameina þrjú bótaflokka (grunnlífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót) í einn bótaflokk. Allar aðrar skattskyldar tekjur skerða hinn nýja bótaflokk um 45%. Í núverandi kerfi er mismunandi skerðingarhlutfall eftir bótaflokkum (hæst 45 prósent og lægst 11,30 prósent). Afnema á öll frítekjumörk sem eru í gildi í dag frá ársbyrjun 2013. Þá er lagt til að skerðing framfærsluuppbótar vegna tekna verði lækkuð úr 100% í 80% og lækki síðan áfram til ársins 2017. Það hljóta allir að vera sammála því að einföldun á greiðsluformi bóta sé af hinu góða. En að afnema öll frítekjumörk kemur ekki til greina, heldur þvert á móti á að hækka þau. Slíkt er vinnuhvetjandi og skilar sér út í þjóðfélagið. Dettur ykkur í hug að öryrkjar fari út á vinnu- markaðinn sem sjálfboðaliðar og fái ekkert greitt fyrir sína vinnu? Það gerir enginn.

Hver borgar alþingismönnum laun?

Pétur Blöndal alþingismaður er í starfshópnum og haft er eftir honum orðrétt af blaðamanni Morgunblaðsins um kostnaðinn sem af þessu hlýst „Þetta er alltaf spurning um hvað skattgreiðendur þurfi að borga. Hvað getum við lagt mikið á ungu hjónin með börnin til að afi og amma hafi það gott?“ Pétur lét einnig bóka sérstaklega þar sem hann lýsir yfir áhyggjum sínum af því að breytingar sem í þessu felast gætu reynst vinnandi fólki of dýrar. Mig langar að velja því upp í framhaldi af áhyggjum Péturs Blöndal vegna kostnaðarins sem þessar breytingar á bótakerfinu hafa í för með sér að það skyldi þó aldrei vera að þetta sama unga fólk með börnin greiði honum laun og er búið að gera í áratugi og allra þeirra þingmanna sem á Alþingi sitja? 90% þjóðarinnar treysta ekki Alþingi. Ef þetta væri útkoma hjá almennu fyrirtæki væri búið að reka 57 af 63 þremur sem þar ynnu.

Ég hef miklu meiri áhyggjur af unga fólkinu með börnin sem greiðir alþingismönnum með innan við 10% traust há laun. Ég deili áhyggjum Péturs Blöndal af unga fólkinu en það eru ekki eldri borgarar og öryrkjar sem eru að sliga unga fólk í dag, það er miklu frekar allt þetta ríkisapparat sem er hér allt að sliga. Þá er ég ekki bara að tala um Alþingi heldur ráðuneytin, svo ekki sé minnst á sendiráðin. Hver skyldi launakostnaðurinn vera hjá ríkinu á móti greiðslum frá almannatryggingum til öryrkja og eldri borgara á ári?

Hvert vilt þú að skattarnir þínir fari?

Í Kastljósi fyrir nokkrum árum var fólk á förnum vegi spurt að því í hvað þeir vildu að skattarnir þeirra færu. Nær allir töldu sköttunum sínum best varið í að bæta hag þeirra sem lókust hafa kjörin og standa vörð um heilbrigðiskerfið. Man ekki til þess að nokkur viðmælendi hafi viljað að skattarnir þeirra væru notaðir til að þenja út ríkisbáknid eins og hefur verið gert í gegnum árin.

Krabbameinsfélagið



KRABBAMEIN
SETUR ÁLLA SEM
ÞAÐ SNERTIR
ÚT AF LAGINU

KK, tónlistar- og útvarpsmaður



Hönnun slaufu: SIGN

Kauptu Bleiku slaufuna

www.bleikaslaufan.is

Aðalstyrktaraðilar



Arion banki

Söluaðilar

Ákureyrarapótek, Alltmerkilegt, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Vesturlands, Apótekarinn, Apótekið, Árbæjarapótek, Belladonna, Blómabúðin Burkni, Blómabúðin Dögg, Blómabúðin Ísblóm, Blómahönnun, Bókabúð máls og menningar, Byggt og búið, Byko, Debenhams, Einar Farestveit, Eymundsson, Femin.is, Femin Fashion, Frihöfnin, Frumherji, Garðheimar, Garðsapótek, Garnabúð Gauja, Hagkaup, Hár og Velliðan, Heilsuhúsið, Hrafnista Hafnarfirði, Hrafnista Laugarás, Hreyfill, IÐA, ITA gallery, Islandsþóstur, Kaffitar, Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Kjarnal, Krónan, Kvinnadeild Rauða Krossins, Leonard, Lindex, Lostæti, Lyf og heilsa, Lyfja, Lyfjaborg, Lyfjaval, Lyfjaver, Melabúðin, Misty, Mörk hjúkrunarheimili, Nóatún, Orkan, Penninn, Radison Blu 1919 hótél, Reykjavík excursion, Reykjavík Apótek, Ríma Apótek, Samkaup (Nettó, Kaskó, Urval, Strax), Shell, Sigurboginn, Skipholtsapótek, Smith og Norland, Sóley Natura Spa, Stúdióblóm-runni blómabúð, Svarta Kaffi, Te og Kaffi, Urðarapótek, Þín verslun.

Vöktun á næringu viðkvæmra hópa

Mataræði

Bryndís Eva Birgisdóttir

næringarfræðingur og -ráðgjafi



Pórhallur Ingi Halldórsson

lektor í næringarfræði við HÍ



komulag er almennt ekki talið ásættanlegt. Í löndunum í kringum okkur er fjármagni varið til slíks eftirlits. Dioxínmengun frá sorpstöðvum og notkun iðnaðarsalts í matvæli um margra ára skeið eru dæmi sem sýna að regluleg vöktun á styrk óæskilegra efna í lífsýnum á fyllilega rétt á sér hér á landi og væri mikilvægt öryggistæki.

Vöktun á mat og fólki gefur betri heildarmynd

Vöktun á eiturefnum í matvælum er mikilvægur þáttur í fæðuöryggi en dugir alls ekki

ein sér. Það er nauðsynlegt að vita hversu mikið er borðað af hinum ýmsu matvælum til að geta gert raunverulegar áhættugreiningar. Að hafa aðgang að vel útfærðum mataræðisrannsóknnum og upplýsingum um styrk í blóði er því mikilvægur öryggisventill fyrir stofnanir sem fylgjast með eiturefnum í matvælum.

Um Rannsóknarstofu í næringarfræði

Rannsóknarstofa í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands hefur yfir að

ráða vísindafólki sem kann að skipuleggja og framkvæma rannsóknir á mataræði. Þar er einnig fagþekking til að lesa úr niðurstöðunum þannig að hægt sé að bregðast við, ásamt öðrum, ef þörf er á. Þá er birting slíkra gagna mikilvæg inn-lands sem utan og nýttist áralöng reynsla þar vel.

Stuðningur er til staðar frá öðrum stofnunum

Skilningur á vöktun sem þessari er til staðar á þeim stofnunum sem þekkja til málaflokksins, svo sem Matis-matvælarann-

sóknastofnun iðnaðarins, Matvælastofnun á Selfossi, Landlæknir og fleiri aðilar. Náð samstarf þarf að vera milli stofnana til að nýta sem best gögn og mannaú. Niðurstöður og túlkunar vöktunar á næringu, næringarástandi og eiturefnum meðal þjóðarinnar myndu nýttast öllum þeim ráðuneytum sem málið er skylt.

Reglubundin vöktun á eiturefna- og næringarþúskaðum viðkvæmra hópa og trygging fjármagns til þess er nauðsynleg í þjóðfélagi sem lætur sér annað um þegna sína.

Hæfileg næring og gott næringarástand skiptir sköpum fyrir vöxt og þroska á fósturskeiði og barnsaldri og fyrir þá sem eru viðkvæmir vegna sjúkdóms eða hárrar elli. Rétt eins og góð næring fæst með matvælum, þá eru matvæli einnig lang stærsta flutningsleið óæskilegra efna úr umhverfinu inn í mannslíkamann. Óæskileg efni geta þannig borist í viðkvæma einstaklinga eins og börn og barnshafandi konur og haft neikvæð áhrif á heilsuna. Þetta geta verið aðskota- eða mengunarefni s.s. mýkingarefni úr plasti, þungmálmur, eða þrávirk lífræn efni. Eðlilega er mun meira vitað um áhrif fjölda efna í dag en fyrir nokkrum árum og áratugum en margt er þó enn óþekkt. Til að kanna hversu mikið berst í líkamann er nauðsynlegt að mæla styrk þessara efna reglulega í fólki með lífsýnamælingum, rétt eins og að nauðsynlegt er að fylgjast reglulega með inntöku á öðrum óæskilegum efnum og næringarefnainntöku hjá almenningi með mataræðisrannsóknnum. Samsvara aukinni vitund almennings hafa nágrannaþjóðirnar að undanförunu lagt aukna áherslu á reglubundna vöktun, meðal annars, í börnum og konum á barneignaaldri. Rannsóknastofa í næringarfræði við Landspítala og Háskóla Íslands er sú eining hérlendis sem mælt hefur neyslu og næringarástand viðkvæmra hópa, en reglubundinni vöktun á styrk óæskilegra efna hjá viðkvæmum hópum hefur hingað til ekki verið sinnt á skipulegan hátt vegna kostnaðar. Stofan er í dag nær eingöngu rekin fyrir styrkjafé frá vísindasjóðum.

Hvaða óæskilegu efni finnast í matvælum?

Þau efni sem um ræðir eru til dæmis gömul og ný þrávirk lífræn efni (díoxín, PCB), þungmálmur (kvikasilfur, blý og kadmíum), skordýraeitur og fleira sem safnast getur upp í náttúrunni og komist þannig í matinn sem við borðum. Á síðustu árum hafa sjónir manna beinst að efnum úr umbúðapakkningum svo sem þalötum og bisphenól-A (BPA) en einnig nýjum þrávirkum, yfirborðsvirkum efnum eins og PFOS og PFOA. Engin þessara síðarnefndu efna hafa verið mæld á skipulegan hátt hér á landi og nær ekkert er vitað um hvort ástandið hér á landi er betra eða verra en í nágrannalöndum. Nauðsynlegt er því að rannsaka áhrif slíkra efna samfara notkun þeirra til að geta metið hvort inntaka þeirra efna sé óeðlilega mikil og hvort varúðar sé þörf.

Engin regluleg vöktun í dag

Hér á landi hafa farið fram rannsóknir á mataræði fólks með óreglulegu millibili, á fullorðnum á vegum Manneldisráðs síðar Lýðheilsustöðvar og Landlæknis ásamt Rannsóknastofu í næringarfræði og á ungum börnum og öðrum viðkvæmum hópum hjá Rannsóknastofu í næringarfræði. Í hvert sinn þarf að berjast fyrir fjármagni og mismunandi hvaða skilningi slíkar rannsóknir hafa mætt. Ekki hefur verið til staðar skipulögð vöktun á eiturefnabúskap og næringarefnabúskap landsmanna. Slíkt fyrir-

www.sminor.is

Hið virta sænska neytendablað Råd & Rön gerði fyrir stuttu úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og lagði mat sitt á þær. Siemens uppþvottavélin SN45M205SK* kom þar einstaklega vel út og hlaut 1. sætið. Hún þykir þvo og þurrka á sérlega skilvirkan og áhrifaríkan hátt (Råd & Rön, apríl 2012). Matið var byggt á nokkrum þáttum, m.a. hve vel vélin þvær óhreint leirtau, þvottatíma, þurrkun, orkunotkun, vatnsnotkun og hversu hátt heyrast í henni. Þessi uppþvottavél er í ecoPLUS-flokknum hjá Siemens, en í honum eru aðeins mjög sparneytin heimilistæki. Og sigurgangan heldur áfram. Í maí lenti vélin einnig í 1. sæti hjá danska neytendablaðinu Tænk.

*Einnig fánleg í stáli.

Smith & Norland er rótgróið fyrirtæki sem veitir góða þjónustu og býður vandaðar vörur á góðum kjörum. Umboðsmenn um allt land.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

SNIDUGT!

Pastellitúð bókamerki, innblásin af frumskógardýrum eru hugar-smíð kóreskra hönnuða hjá hönnunarstúdíóinu Dcell.

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkar hurða-opnunarúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is



LITLI LOÐNI FÉLAGINN

UPPÁHALDHLUTIRNIR Ólafur Karl Sigurðsson á hvítan Fuzzy-stól sem er í miklu uppáhaldi á heimilinu. Hann er bæði upp á punt og til að sitja á.

Ólafur Karl Sigurðsson segist hafa haft áhuga á hönnun og húsgögnum frá því hann komst til vits og ára. „Mér finnst nauðsynlegt að skreyta heimilið með fallegum hlutum þó það þurfi að vera innan skynsamlegra marka. Við feðgarnir búum tveir saman og við reynum að vera duglegir að hafa heimilislegt og kósý hjá okkur,“ segir Ólafur sem á fjögurra ára soninn Ísak Breka.

„Fuzzy-stóllinn eftir Sigurð Helgason er í mestu uppáhaldi hjá okkur feðgunum af hlutunum á heimilinu. Hann er svona litli, loðni félaginn okkar og er bæði notaður sem stóll en líka upp á punt. Það sem mér finnst skemmtilegt við hann er að hann er handgerður af hönnuðinum og hver stóll er einstakur. Hann er auk þess ekki framleiddur í miklu magni. Syninum finnst hann bara svo loðinn og skemmtilegur og finnst gaman að hnoðast á honum.“

Ólafi þykir vænt um fleiri hluti á heimilinu en þeirra á meðal er Krummi Ingibjargar Hönnu og ljósmynd úr

Grasagarðinum eftir Ara Magg. „Mér finnst gaman að íslenski hönnun og hef áhuga á markaðsfræði. Áhuginn á þessu tvennu varð til þess að ég ásamt tveimur vinum mínum sem deila áhuganum, opnuðum netsíðuna How do you like Iceland á dögnum. Síðan er helguð íslenski hönnun. Henni er ekki einungis ætlað að vera sölusíða heldur erum við líka að reyna að markaðssetja íslenska hönnun og hönnuði á erlendum vettvangi. Síðan á að veita ungum hönnuðum tækifæri til að koma sér á framfæri á ódýran hátt. Við höfum fengið talsverð viðbrögð frá Norðurlöndunum og finnum einnig fyrir áhuga á íslenski hönnun í Asíu,“ segir Ólafur sem hyggur á frekari landvinninga fyrir íslenska hönnun í Kanada, Suður-Ameríku og víðar.

Nánari upplýsingar um síðu þeirra félaga má finna á Facebook og á slóðinni howdoyoulikeiceland.com.

■ lilja.bjork.@365.is

FÆTUR Á FUZZY

Ólafur Karl og Ísak Breki hafa það notalegt í tungusófanum sem er einn af hlutum heimilisins sem eru í uppáhaldi hjá Ólafi. Yfir stofunni vakir Krummi Ingibjargar Hönnu.

MYND/VALLI

KRUMMI

Krumminn er einn af uppáhaldshlutum Ólafs en hann er hannaður af Ingibjörgu Hönnu og er meðal þess sem er í boði á síðunni How Do You Like Iceland.

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

ÝMIR, SAGA, FREYJA,
ÞÓR OG ÓÐINN

Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur*

Tilboðsverð

Valhöll heilsudýna
5 svæðaskipt gormakerfi
153x203 aðeins kr. 89.900

Svefn & heilsa



www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

FINNDU MUNINN

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

LÍTIÐ MÁL AÐ ENDURVINNA

Verður fljótt að vana

Mörgum þykir kvíðvænleg tilhugsun að flokka heimilissorpið meðan aðrir gera það leikandi. Það að geta lagt eitthvað af mörkum til samfélagsins er mikilvægt og flokkun sorps er þar á meðal. Þeir sem ekkert flokka ættu að finna fyrir því að tunnurnar hjá þeim fyllast mjög fljótt þegar pitsukassar, mjólkurfernur og kókflöskur eru látnar vaða í tunnuna. Lítið mál er að breyta þessu. Skolið drykkjarfernur og brjótið þær saman ásamt pappír og blöðum svo lítið fari fyrir þeim, pressið saman gosflöskur svo þær taki lítið pláss og takið allt plast til hliðar. Hægt er að fá sérstakar tunnur og fötur sem taka lítið pláss í skápnum undir eldhúsvaskinum til að flokka sorp í.

Það er kjörið að byrja á því að flokka heimilissorpið niður í plast, pappír, járn og svo almennt heimilissorp og auðvitað gosdósir og gler sem greitt er skilagjald fyrir. Jafnvel er hægt að fara fjölskylduferð um helgar í Sorpu og stuðla þannig að umhverfisvænu uppeldi í leiðinni.



TRAUSTUR REYNSLUBOLTI
Guðrún tók nýlega við umboði Alno-innréttinga á Íslandi. Traustar innréttingar Alno endast áratugum saman og eru landsmönnum að góðu kunnar. Alno er þýskt gæðamerki sem slakar aldrei á gæðum.

SJÓN SÖGU RÍKARI

INNLIÐUN KYNNIR Guðrún Benediktsdóttir innanhússarkitekt lét drauminn rætast og opnaði verslun þar sem hún getur dekrað við viðskiptavinum sína.

Hver fjölskylda hefur sína siði og alltaf hægt að finna lausnir sem hafa smekk og þörfum hvers og eins. Möguleikarnir eru ótæmandi og efni-viðurinn vandaður og óþrjótandi. Því er hægt að teikna þúsund eldhús og ekkert eins,“ segir innanhússarkitektinn Guðrún Benediktsdóttir sem nýlega opnaði innréttingaverslunina INNLIFUN.

Guðrún hefur unnið við fag sitt frá árinu 1985, bæði sjálfstætt og í innréttingaverslunum. Því geta viðskiptavinir INNLIFUNAR treyst á reynslu, fagmennsku og traust vinnubrögð Guðrúnar.

„Ég opnaði INNLIFUN af því mig langaði til að sinna viðskiptavinum af alúð. Mér þykja samskipti við fólk svo áhugaverð, að finna út hvað það vill og uppfylla óskir þess. Því gaf ég versluninni nafnið INNLIFUN því það sameinar það sem er inni og þá tilfinningu að lifa sig inn í heim þeirra sem eru að innrétta,“ útskýrir Guðrún og brosir.

Guðrún er nýr umboðsaðili þýska gæðamerkisins Alno á Íslandi og í INNLIFUN fást bæði eldhús- og baðinnréttingar frá Alno og Voke.

„Í INNLIFUN fæst allt í tengslum við innréttingar heimilisins á einum stað og hægt að fá tilboð í allan pakkann. Við seljum innréttingar í eldhús, bað og þvottaherbergi, fataskápa, sjónvarpsskenka, hreinlætistæki og heimilistæki, ljós og stóla,“ upplýsir Guðrún og bætir við að auðvelt sé að teikna upp heildarútlit inn-



réttinga vilji fólk hafa alrými með eldhúsi og íverustað í stíl.

„Allar innréttingar koma samsettar og sérpantaðar eftir óskum hvers og eins og innanhússarkitekt sér um að teikna og gera tilboð út frá hugmyndum viðskiptavina,“ segir Guðrún.

„Við tökum vel á móti viðskiptavinum okkar og þægilegt fyrir fólk að fá allt á einum stað. Það sparar dýrmetan tíma og eldsneyptiskostnað.“

INNLIFUN er á Suðurlandsbraut 26.

ALLT FYRIR HEIMILIÐ
INNLIFUN er með í umboðssölu hreinlætistæki frá Ísleifi Jónssyni, heimilistæki í eldhús frá Heimilistækjum, lýsingu frá Ítölskum ljósum, steinborðsplötur frá Rein, stóla frá Móðern og flytur einnig inn ýmsar vörur.



HUGSAÐ FYRIR ÖLLU
Innra skipulag skápa og skúffa er úthugsað hjá Alno og Voke, slitsterkt og þolir mikinn þunga. Vel er hugsað fyrir öllu þannig að vinnuaðstaða sé góð og allt komist haganlega fyrir.
MYNDR/GVA

Hiti í bústaðinn

Ryðfrír neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta

Rafhitun íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

KONJAK

VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT OG ÖRUGGLEGA?

Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT glas af vatni 3x á dag hálf tíma fyrir máltíð

Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast massi sem fyllir vel upp í magasekkinn og veldur seddu-tilfinningu og þú borðar minna!

Í Konjak eru náttúrulegar glucomannan trefjar sem einnig bæta meltinguna. Viðurkennt af EFSA Matvælastofnun Evrópu

Fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna. www.gengurvel.is

HEIMA VIÐ | SÍGRÍÐUR ARNARDÓTTIR, SIRRÝ

FRÁBÆRT AÐ SITJA Á PALLINUM MEÐ KAFFISOPA

■ **SIRRÝ stýrir morgunþætti á sunnudögum á Rás 2, kennir „Framsækni – Örugg tjáning“ við Háskólann á Bifröst og er að skrifa bók um örugga tjáningu. Þá hefur hún í nógu að snúast við að fylgja eftir bókinni Laðaðu til þín það góða.**

Stendur þú í einhverjum framkvæmdum á heimilinu eða hefur nýlökkið við?
Ég bara dáist að manninum mínum sem er orðinn mjög handlaginn heimilisfaðir með árunum. Kristján Franklín hefur verið að búa til ýmislegt fallegt bæði úti og inni. Ég nýt góðs af.

